



FRAMSÝN

STÉTTARFÉLAG ÞINGEYINGA

Félaginu er umhugað um velferð félagsmanna



Gefið út í nóvember 2012

Skrifstofa stéttarfélaganna
Sími 464 6600 • Fax 464 6601
Heimasíða: www.framsýn.is

Formáli!

Ágæti félagsmaður! Með þessum bæklingi er hugmyndin að koma á framfæri upplýsingum til félagsmanna varðandi réttindi þeirra úr sjóðum félagsins ásamt nokkrum öðrum atriðum er tengjast starfsemi Framsýnar og koma félagsmönnum til góða.

Almenn þjónusta

Félagsmenn eiga rétt á allri almennri þjónustu á Skrifstofu stéttarfélaganna sem fellur undir starfsemi stéttarféлага.

Afsláttur í Jarðböðin

Framsýn er með samning við Jarðböðin í Mývatnssveit um sérstök afsláttarkjör fyrir félagsmenn. Afslátturinn er 15%. Áður en félagsmenn fara í Jarðböðin þurfa þeir að fá staðfestingu þess efnis að þeir séu félagsmenn á Skrifstofu stéttarfélaganna.

Afsláttur á bílaleigubílum

Framsýn er með samning við Bílaleigu Húsavíkur um afslátt fyrir félagsmenn á bílaleigubílum á höfuðborgarsvæðinu. Frekari upplýsingar er hægt að fá hjá Bílaleigu Húsavíkur eða á Skrifstofu stéttarfélaganna.

Afsláttur á gleraugum í Auganu

Félagsmenn í Framsýn sem versla í Auganu í Kringlunni eiga rétt á 15% afslætti vegna kaupa á gleraugum. Áður en félagsmenn versla sér gleraugu þurfa þeir að fá staðfestingu þess efnis að þeir séu félagsmenn á Skrifstofu stéttarfélaganna.

Afsláttur hjá Frumherja

Félagsmenn í Framsýn sem fara með ökutæki í reglubundna skylduskoðun eiga rétt á 15% afslætti. Áður en félagsmenn fara með bílinn í skoðun þurfa þeir að fá staðfestingu þess efnis að þeir séu félagsmenn á Skrifstofu stéttarfélaganna.

Afsláttur varðandi hótलगistingu

Framsýn er með afsláttarkjör við Fosshótel víða um land um ódýra gistingu fyrir félagsmenn. Það á einnig við um gistingu í Keflavík. Það er á Hótel Keflavík, Gistiheimili Keflavíkur og Bed and Breakfast.

Miðar í Hvalfjarðargöng

Framsýn er með til sölu miða í Hvalfjarðargöngin fyrir félagsmenn á afsláttarverði, verð per. miða er kr. 650,-.

Námsstyrkir

Félagsmenn Framsýnar hafa aðgengi að öflugum fræðslusjóðum sem félagið á aðild að og eru á landsvísu. Bæði er hægt að sækja um styrki vegna námskeiða/náms sem gerir menn hæfari í starfi

auk þess sem tólmundastyrkir eru í boði. Til viðbótar hefur Framsýn yfir að ráða sérstökum fræðslusjóði sem félagsmenn geta sótt um í til viðbótar.

Lögfræðiaðstoð

Þurfi félagsmenn Framsýnar á lögfræðiaðstoð að halda sem tengist störfum þeirra á vinnu- markaði stendur þeim til boða aðgengi að lögfræðingum félagsins.

Íbúðir og orlofshús

Framsýn á bæði íbúðir á höfuð- borgarsvæðinu og orlofshús á Illugastöðum og Dranghólaskógi í Öxarfirði. Auk þess hefur félagið lengi tekið á leigu orlofshús víða um land yfir sumartímann. Félagsmönnum býðst að taka þessi hús á leigu á góðu verði enda dvölin verulega niðurgreidd af Framsýn.

Tjaldsvæði

Félagsmenn sem dvelja á tjaldsvæðum eiga rétt á ákveðnum endurgreiðslum frá félaginu vegna gistingar á tjaldsvæðum, það er kr. 12.000- á ári.

Sjúkradagpeningar v/vinnutaps

Félagsmenn sem verða óvinnufærir og lokið hafa veikinda- rétti hjá viðkomandi atvinnurekanda eiga rétt á sjúkradag- peningum hjá Framsýn í allt að 120 daga.

Sjúkradagpeningar v/langveikra barna

Félagsmenn sem ekki geta stundað vinnu vegna langveikra barna eiga rétt á sjúkradagpeningum hjá Framsýn í allt að 90 daga enda séu þeir á vinnu- markaði og hafi lokið veikindarétti hjá viðkomandi atvinnurekanda.

Sjúkradagpeningar v/alvarlegra veikinda maka

Félagsmenn sem ekki geta stundað vinnu vegna alvar- legra veikinda maka eiga rétt á sjúkradagpeningum hjá Framsýn í allt að 90 daga enda séu þeir á vinnu- markaði og hafi lokið veikindarétti hjá viðkomandi atvinnurekanda.

Meðferð hjá sjúkraþjálfurum

Félagsmenn sem fara til sjúkraþjálfara eiga rétt á allt að 50% endurgreiðslu frá félaginu af kostnaði við þjálf- unina. Endurgreiðslan tekur mið af greiddu félagsgjaldi til félagsins.

Meðferð hjá sjúkranuddurum/kírópraktorum

Félagsmenn sem fara til sjúkranuddara/kírópraktora eiga rétt á endurgreiðslu frá félaginu af kostnaði við meðferðina. Endurgreiðslan tekur mið af greiddu félagsgjaldi til félagsins. Hámark á endurgreiðslu per. tíma er kr. 1.500,-.



Sjúkraleikfimi

Félagsmenn sem stunda sérstaka leikfimi sem ætluð er fólk eftir slys eða veikindi s.s. vegna hjartaáfalls á rétt á endurgreiðslu allt að 50% af þátttökugjaldinu.

Heilsustofnun NLFÍ í Hveragerði

Félagsmenn sem dvelja á Heilsustofnun NLFÍ í Hveragerði eða á sambærilegum stofnunum samkvæmt læknisráði eiga rétt á endurgreiðslu allt að kr. 40.000,- þó ekki meira en 50% af kostnaði viðkomandi.

Ferðastyrkur vegna veikinda

Félagsmenn eiga rétt á að sækja um ferðastyrk vegna veikinda þeirra, þurfi þeir að ferðast út fyrir Þingeyjarsýslur til lækna eða sérfræðinga. Það er ef þjónustan er ekki í boði í Þingeyjarsýslum. Greitt er ákveðið hlutfall fyrir allt að þrjár ferðir á ári enda hafi viðkomandi aðilar þegar klárað þann rétt sem þeir eiga hjá Tryggingastofnun.

Læknisferðir erlendis

Félagsmenn eiga rétt á styrk vegna kostnaðarsamra aðgerða erlendis sem ekki er hægt að framkvæma á Íslandi.

Andlát félagsmanns á vinnumarkaði

Aðstandendur félagsmanns sem fellur frá eiga rétt á útfarastyrk frá félaginu allt að kr. 300.000,- enda hafi viðkomandi félagismaður verið á vinnumarkaði þegar hann féll frá.

Andlát félagsmanns sem ekki er á vinnumarkaði

Aðstandendur félagsmanns sem fellur frá og var hættur á vinnumarkaði skulu eiga rétt á útfarastyrk frá félaginu allt að kr. 80.000,-. Í fimm ár frá því að viðkomandi félagismaður hætti að greiða til félagsins vegna aldurs eða örorku helst þó fullur réttur til aðstandenda kr. 300.000,-.

Fæðingarstyrkur

Félagsmenn sem eignast börn og greitt hafa til félagsins í 12 mánuði áður en þeir eignast barn/börn eiga rétt á fæðingarstyrk hjá félaginu kr. 60.000,- per barn enda markmið Framsýnar að fjölga Þingeyingum. Um er að ræða sjálfstæðan rétt foreldra.

Glasaftrjónungun

Félagsmenn eiga rétt á styrk vegna glasaftrjónungar kr. 25.000,- enda hafi þeir verið greiðendur til félagsins í 12 mánuði fyrir aðgerð.

Krabbameinsskoðun

Félagsmenn, karlar og konur, eiga rétt á endurgreiðslu frá félaginu upp að ákveðnu marki fari þeir í reglubundna krabbameinsskoðun.



Áhættumat hjá Hjartavernd

Félagsmenn eiga rétt á endurgreiðslu að vissu marki fari þeir í áhættumat hjá Hjartavernd eða hjá sambærilegri stofnun.

Sálfræðiaðstoð

Félagsmenn sem þurfa á sálfræðiaðstoð að halda eiga rétt á endurgreiðslu sem nemur 50% af kostnaði per tíma hjá sálfræðingi, þó að hámarki kr. 3.000,- per tíma.

Gleraugnastyrkir

Félagsmenn eiga rétt á styrk vegna gleraugnakaupa á 36 mánaða millibili. Styrkurinn er allt að 50% af kostnaði þó ekki hærri en kr. 30.000,-.

Kaup á linsum

Félagsmenn eiga rétt á styrk vegna kaupa á linsum á 36 mánaða millibili. Styrkurinn er allt að 50% af kostnaði þó ekki hærri en kr. 30.000,-.

Laser augnaðgerðir

Félagsmenn eiga rétt á styrk vegna laser aðgerða á augum. Upphæð styrks er allt að kr. 30.000,- per auga.

Heilsueflingarstyrkur

Félagsmenn eiga rétt á allt að kr. 12.000,- styrk vegna heilsueflingar á hverju almanaksári.

Heyrnartæki

Félagsmenn eiga rétt á styrk vegna kaupa á heyrnartækjum, allt að kr. 30.000,- per eyra.

Hvenær skapast réttur?

Almennt er það þannig að menn þurfa að hafa greitt til félagsins í sex til tólf mánuði áður en þeir öðlast rétt úr sjóðum félagsins. Undantekning er þó þegar félagsmenn færast til milli aðildarféлага ASÍ. Í gildi eru sérákvæði fyrir ungt fólk innan Framsýnar sem er í námi og er því ekki samfellt á vinnumarkaði. Í þeim tilvikum er heimilt að horfa til greiðslu síðustu 24 mánaða enda hafi viðkomandi gengið formlega í félagið.

Til athugunar:

Þær upplýsingar sem koma fram í bæklingnum miðast við reglugerðir og lög Framsýnar eins og þær voru 1. nóvember 2012. Það sama á við um uppgefnar upphæðir. Aðalfundur félagsins á hverjum tíma tekur ákvarðarnir um breytingar varðandi greiðslur úr sjóðum félagsins. Þá er rétt að ítreka það að greiðslur úr sjóðum félagsins miðast við greitt félagsgjald á hverjum tíma og því er réttur félagsmanna mjög mismunandi úr sjóðum Framsýnar. Vinsamlegast leitið frekari upplýsinga á Skrifstofu stéttarfélaganna.



Fróðleikur um Framsýn

Félagið heitir Framsýn, stéttarfélag, skammstafað FS. Starfssvæði þess er Norðurþing, Tjörneshreppur, Aðaldælahreppur, Þingeyjarsveit og Skútustaðahreppur. Innan félagsins eru um 2.200 félagsmenn. Til að teljast fullgildur félagi þurfa menn að ganga formlega í félagið með því að undirrita beiðni þess efnis sem hægt er að nálgast á heimasíðu félagsins www.framsyn.is eða á Skrifstofu stéttarfélaganna að Garðarsbraut 26 á Húsavík. Innan Framsýnar eru tvær deildir til viðbótar almennu deildinni, það er Sjómannadeild og Deild verslunar- og skrifstofufólks. Framsýn er aðili að Skrifstofu stéttarfélaganna á Húsavík ásamt Þingið- félagi iðnaðarmanna í Þingeyjarsýslum og Starfsmannafélagi Húsavíkur.



Fræðsludeild MFA sem er innan Alþýðusambands Íslands var fengin til að taka út starfsemi Framsýnar. Fjöldi félagsmanna var kallaður til þar sem þeim gafst kostur á að fjalla um starfsemi félagsins og hvað mæti gera betur í starfi þess. Hér má sjá niðurstöðu Fræðsludeildar MFA:

“Það var afskaplega ánægjulegt að sjá hvernig andinn er í félaginu, hvað allir eru ánægðir með félagið sem segir manni, að vel er haldið utan um starfsemi þess.

Niðurstöður hópavinnunnar í öllum umræðunum fjórum voru alltaf jákvæðar. Við hópstjórnarnir vissum reyndar fyrirfram að mikil ánægja er með starfið í félaginu og

starfsmenn þess, en þessum gríðarlega góðu niðurstöðum áttum við ekki von á.”

Starfsgreinasamband Íslands fékk Capacent Gallup til að gera könnun á viðhorfi félagsmanna aðildarféлага sambandsins til félaganna. Niðurstaðan var frábær fyrir Framsýn en félagið kom best út allra féлага. Niðurstaðan varðandi Framsýn er eftirfarandi:

Alls voru 96% ánægðir eða frekar ánægðir með starfsemi félagsins 4% voru hlutlausir 0% voru óánægðir

Framsýn leggur mikið upp úr því að fræða félagsmenn um þeirra réttindi hjá félaginu og um það helsta sem félagið er að fást við á hverjum tíma.

Það gerir félagið t.d. með þessum bæklingi, Fréttabréfi stéttarfélaganna og öflugri heimasíðu, www.framsyn.is

